



Hreppsnefnd 14.01.10

Hreppsnefndarfundur var haldinn fimmtudaginn 14. janúar 2010 kl. 15.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur K. Ármannsson, Anna Pála Víglundsdóttir, Halldóra S. Árnadóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir, Þórdís Þorbergsdóttir og Kristín H. Reynisdóttir

Dagskrá:

1. Mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 17. des. sl.

Fundargerð hreppsnefndar frá 17. des. lögð fram og samhljóða samþykkt.

2. Mál. Fundargerð fræðslunefndar frá 9. des. sl.

Fundargerð fræðslunefndar frá 9. Des. sl. lögð fram til kynningar.

3. Mál. Lóðamál HB Granda á hafnarsvæði.

Lagt fram yfirlit yfir lóðir, sem HB Grandi hefur á svæðinu utan við sláturhús og tillaga að lóðarúthlutun til þeirra í tengslum við nýframkvæmdir.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum og hvernig tillagan er hugsuð. Í gögnunum kemur fram að heildarlóð HB Granda á þessu svæði verður samkvæmt þessu 22.343,1 fermetri, þar af hefur fyrirtækið þegar fengið úthlutað 11.913 fermetrum á þessu svæði samkvæmt fasteignamati. Ný úthlutun er því 10.430,1 fermetri í samræmi við fyrirbyggjandi gögn á fundinum.

Samþykkt samhljóða að vísa málinu til umfjöllunar í hafnarnefnd og bygginga- og skipulagsnefnd.

4. Mál. Málefni eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga og fjárfestingarfélagssins Giftar ehf.

Lögð fram samantekt og lokaorð skýrslu Stefáns Más Stefánssonar, Háskóla Íslands, um málið.

Málið var áður til umfjöllunar á fundi hreppsnefndar 17. des. sl., þar sem kynnt voru drög að bréfi til ríkissaksóknara og greinargerð lögfræðideildar Sambands ísl. sveitarfélaga er studdi við áform sveitarfélagsins um að senda málið til ríkissaksóknara.

Sveitarstjóri gerði frekari grein fyrir málinu og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Í framhaldi var svofelld tillaga lögð fram: „Sveitarstjóra falið í samráði við lögfræðideild Sambands íslenskra sveitarfélaga og Djúpavogshrepp að fullvinna og senda bréf til ríkissaksóknara á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.“

Fyrirbyggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

5. Mál. Þriggja ára áætlun Vopnafjarðarhrepps 2011-2013 - Fyrri umræða -

Lögð fram drög að þriggja ára áætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir árin 2011-2013, greinargerð og forsendur áætlunarinnar. Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi drögum að þriggja ára áætlun sveitarfélagsins og lagði til að henni yrði vísað til síðari umræðu.

Fram fór nokkur umræða þar sem nefndarmenn lýstu sjónarmiðum sínum, sem mótast einkum af þeim óvissutímum sem Íslendingar upplifa nú um stundir. Endurspeglast sú óvissa m. a. af mögulegum tekjum sveitarfélagsins, gegnum atvinnulífið, útsvar og jöfnunarsjóð.

Tillaga sveitarstjóra samþykkt samhljóða.

6. Mál. Orkuveita Vopnafjarðar - Staða mála-

Sveitarstjóri gerði grein fyrir framvindu mála og viðræðum við Orkusjóð um fjármögnun á forathugun á hagkvæmni þess að nýta mismunandi orkuvalkosti til nýtingar m. a. til húshitunar á Vopnafirði. Í þessu sambandi er aðallega horft til s. k. glatvarma frá bræðslu HB Granda, sorpbrennslu og hitaveituvatns í Selárdal.

Í máli hans kom fram að mögulegt er að fá styrk til verkefnisins allt að 80%. Verkfræðistofan Efla hefur boðist til þess að vinna þessa forathugun fyrir um það bil 2.600 þús. kr. án vsk. Lögð fram svofelld tillaga: “Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við verkfræðistofuna Eflu á grundvelli þessara hugmynda um verð og mögulega styrki.”

Fyrirliggjandi tillaga samhljóða samþykkt.

7. Mál. Nýjar reglur um vetrarþjónustu vega og tillaga að samkomulagi um helmingamokstur í Vopnafirði.

Í framlögðum gögnum kemur fram að almennt er verið að minnka þjónustu snjómoksturs á vegum umhverfis-og í Vopnafirði úr 5 dögum í 3 sökum sparnaðar.

Hreppsnefnd lýsir áhyggjum yfir því að þessi þjónusta sé minnkuð með þessum hætti, enda þótt ákveðinn skilningur sé til staðar varðandi hagræðingu í rekstri.

8. Mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Bréf SSA frá 15. des. sl. varðandi árgjöld o. fl.

b) HB Grandi, kynning á tillögu að starfsleyfi, sbr. bréf Umhverfisstofnunar frá 5. jan. sl.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:20